

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 11.5.2023  
Tilvísun: 20230501677

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um endurskoðendur og lögum um ársreikninga (endurskoðunarnefndir, siðareglur, sektarákvæði o.fl.) – þskj. 1529, 981. mál.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 27. apríl sl. móttengið tölvupóst þar sem embættinu var gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Af því tilefni vill ríkisskattstjóri taka eftirfarandi fram:

Umsögn þessi einskorðast við II. kafla, n.t.t. 11.-15. gr. frumvarpsins, sem fjallar um þær breytingar sem lagðar eru til á ákvæðum 108. gr. a.-f. í IX. kafla A í lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, sem tekur til endurskoðendanefnda, og ákvæða 120. gr. sömu laga sem tekur til álagningar stjórnvaldssektar. Um er að ræða stjórnvaldssektir sem ársreikningaskrá leggur á félög sem ekki sinna lögbundinni skyldu um að skila ársreikningi innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í 109. gr. laganna.

Ríkisskattstjóri telur þær tillögur sem lagðar eru til með frumvarpinu ótvírætt til bóta. Varðandi 10. gr. frumvarpsins, n.t.t. breytingu á 108. gr. ársreikningalaga, skyldi þó bent á að ekki liggur fyrir skilgreining á hvað felist í því að nefndarmaður í endurskoðunarnefnd teljist vera óháður viðkomandi, en lögin gera ráð fyrir að a.m.k. einn nefndarmanna sé óháður. Það er mat ríkisskattstjóra að mikilvægt sé að skýra nánar hvað felist í því að nefndarmaður teljist óháður viðkomandi einingu. Hér þyrfti því eftir atvikum að koma til heimild ráðherra til að setja nánari skýringar í reglugerð eða jafnvel að hugtakið verði skýrt nánar í lögnum sjálfum. Ávinningur kann að vera af því fyrirkomulagi að sama endurskoðunarnefnd geti starfað í móðurfélagi og í dótturfélagi, en skýra þarf sömuleiðis hæfiskröfur, sér í lagi ef heimila á að endurskoðunarnefnd í erlendu móðurfélagi eigi einnig að starfa fyrir íslenskt dótturfélag.

Ríkisskattstjóri telur jafnframt þær breytingar sem leiða af 13. gr. frumvarpsins, um breytingar á 120. gr. ársreikningalaga, vera jákvæðar, og bendir á að um sé að ræða sambærilegt ákvæði og finna má í 4. mgr. 14. gr. laga nr. 82/2019, um raunverulega eigendur, en þar er ríkisskattstjóra heimilt að fella niður dagsektir hafi utanaðkomandi eða óviðráðanleg atvik valdið því að umbeðnar upplýsingar voru ekki lagaðar fram eða kröfum um úrbætur ekki sinnt. Þetta er eðli málsins samkvæmt hefðbundið „force major“ ákvæði, sem telja má að þurfi að vera til staðar til að bregðast megi við afleiðingum óviðráðanlegra utanaðkomandi aðstæðna, og þannig ekki um að ræða almenna heimild til að fella niður álagðar stjórnvaldssektir fyrir vanrækslu eða vangát aðila. Í því samhengi má geta þess að í 4. mgr. 121. gr. laga um

ársreikninga er heimild til að fella niður stjórnvaldssektir að því tilskyldu að búið sé að skila inn fullnægjandi ársreikningum til ársreikningaskrár og að félaginu verið í kjölfarið slitið.

Virðingarfyllst,  
f.h. ríkisskattstjóra



Helga Valborg Steinarsdóttir



Ingvar J. Rögnvaldsson